

Þessum lögum eða öðrum landslögum, og skal þá hæstirjettur einn **26**  
 dæma um það. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars **31. maí**  
 úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með  
 þeim hætti, sem segir í sjerleyfislögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*

## L Ö G

um

**breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög].**

**27**

31. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-  
 merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,  
 Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer stað-  
 fest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Eftir lögum þessum geta komið til skifta að nokkru eða öllu  
 leyti heimalönd sveitajarða og afrjettarlönd, sem jöfnum höndum eru  
 notuð til vetrararbeitar, tún, sáðreitir, engi, landsnyttjar aðrar og hlunn-  
 indi, svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa til samnota og ekki  
 hefir verið áður skift til eignar eða afnota, svo sannað verði eða viður-  
 kent af öllum eigendum.

Nú er túni, sáðreitum, slægjum eða öðrum landsnyttjum á sam-  
 eignarjörð áður skift, og hafa skiftin ekki verið staðfest samkvæmt  
 10. eða 13. gr. þessara laga, og má þá krefjast skifta að nýju, að svo

27 miklu leyti, sem þau geta gert hagkvæmara skipulag á hverri eign fyrir  
31. maí sig og eru í samræmi við ákvæði 6. gr. 2. máls., 7. gr. og 8. gr.; þó  
skal þess gætt að raska ekki hlutföllum ræktaðs lands, nema samþykki  
aðilja komi til.

## 2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hver einstakur eigandi eða umráðamaður jarðar, jarðarparts eða landsnyttja getur krafist skifta samkvæmt lögum þessum. Skiftin skulu vera til fullrar eignar og ætíð miðuð við viðurkend og á lög-  
mætan hátt staðfest eignahlutföll lands og landsnyttja, er skifta á. Skal ekki aðeins farið eftir stærð lands að flatarmáli, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Eigi má þó staðbundin skifti gera á námarjetti, þar með talið mótak, veiði í vötnum eða sjó, selveiði, fuglaveiði með háf eða skotum, reka, vergögnum, lóðagjöldum, beitu-  
tekju, þörungum föstum og lausum og fjörubeit, nema samþykki allra eigenda komi til.

Nú hafa eignahlutföll á sameignarjörð breyst við jarðamat (endurmat) fyrir misjafna ræktun eða aðrar verklegar framkvæmdir eiganda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignahlutföll óskifts lands eða landsnyttja.

Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskifts lands eða landsnyttja og næst ekki samkomulag. Verður þá eigi úr því skorið nema með dómi.

Um umráð og notkun vatns og fallvatna, svo og um girðingar, fer eftir almennum lögum.

## 3. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Úttektarmenn skulu vera matsmenn og gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er hindraður, við málið riðinn eða nákominn aðiljum, kveður sýslumaður annan í hans stað. Sýslumaður skal og kveðja oddamann til skiftagerða. Skal hann vera formaður matsmanna, stýra skiftum og annast bókun skiftagerðar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Matsmenn fá þóknun fyrir skifti eftir 6. og 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917. Oddamaður fær þó  $\frac{1}{6}$  hlut hærri þóknun að öllu samanlögðu en hinir.

## 4. gr.

4. grein orðist svo:

Þegar skifta skal landi eða landsnyttjum, skal bjóða öllum eigendum og öðrum þeim, er notkunarrjett hafa á því, er til skifta getur komið, að vera við skiftin og gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir

matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfín dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur. Hið sama gildir og við yfirmat, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er matsmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiftanna eða ráða þeim til lykta. 27  
31. maí

Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í eign þeirri, er skift er, um eitt ár frá því að sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

### 5. gr.

5. grein orðist svo:

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður þeirra og stýra matinu. Heimilt er honum þó að kveðja annan í sinn stað. Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 7 krónur og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar sýslumaður reikninga yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við skifti greiði sá, er þeirra beiðist, ef skiftatilraun verður árangurslaus sökum vanheimilda, svo og við yfirmat, ef engin breyting er gerð á skiftum; ella skiftist allur kostnaður á eigendur að tiltölu við eignahlutföll þess, er skiftin ná til.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau hafa hlotið konunglega staðfestingu. Skal þá jafnframt meginmál þeirra fært inn í aðalögín og þau gefin út í einni heild sem lög frá Alþingi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*